



Reykjavík 19. desember 2023

## Niðurstaða athugunar á upplýsingagjöf til sjóðfélaga hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í júní 2023 athugun á framkvæmd á upplýsingagjöf til sjóðfélaga hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Tilefni athugunarinnar var birting auglýsingar á vegum sjóðsins í upphafi árs 2023 um breytingar á réttindum sjóðfélaga. Einnig var upplýsingagjöf á sjóðfélagavef sjóðsins tekin til skoðunar í athuginni.

Markmiðið athugunarinnar var að kanna hvort sjóðurinn uppfylli kröfur um upplýsingagjöf skv. 5. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Niðurstaða lá fyrir í nóvember 2023.

Miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar var niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafi brotið að hluta gegn kröfum 5. mgr. 34. gr. laganna um upplýsingagjöf með því að hafa einungis lýst áhrifum hækkunar lífeyrisréttinda og að upplýsingagjöf um lækun lífeyrisréttinda hafi hvorki verið rétt né nákvæm í auglýsingu og í texta í upplýsingagjöf til sjóðfélaga á sjóðfélagavef sjóðsins. Í ákvæðinu er sérstaklega kveðið á um að í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi lífeyrisjóða skuli þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðanna.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að viðeigandi breytingar yrðu gerðar á upplýsingagjöf til sjóðfélaga á sjóðfélagavef sjóðsins.